

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 17.12.2024
UST202401-257/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávikanna í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14.8.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Háafells ehf., Nauteyri, þann 11.6.2024. Sex frávik voru skráð en þremur þeirra var lokað í bréfinu.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Rekstraraðili hefur skilað fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023. Frávikinu telst lokið.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Fosfórlosun árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.
Í úrbótaáætlun kemur fram að notast hafi verið við ranga reikningsformúlu vegna fosfórlosunar. Rekstraraðili fékk excel skjal frá Umhverfisstofnun til þess að einfalda útreikning á losuninni. Einnig hafði rekstraraðili samband við framleiðanda/innflutningsaðila fóðursins og fékk staðfest fosfór hlutfall í fóðri. Losun var reiknuð út að nýju fyrir árin 2022 og 2023, er nú lægri en áður var talið sbr. fyrri útreikninga og er nú undir mörkum starfsleyfis.
3. Gr. 3.12 í starfsleyfi. Öryggisblöð voru ekki til staðar í stöðinni.
Samkvæmt úrbótaáætlun hefur rekstraraðili prentað út öryggisblöð og sett á geymsluskáp sem inniheldur sápur og efni.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur